

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2014

Lífeyrissjóður bankamanna  
Skipholti 50b  
105 Reykjavík

Kt. 510169-4259

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2014

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Áritun stjórnar	5

## Ársreikningur Hlutfallsdeilda

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-15

## Ársreikningur Aldursdeilda

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	16
Efnahagsreikningur	17
Yfirlit um sjóðstreymi	18
Skýringar	19-28

## Sameiginlegt yfirlit

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	29
Deildaskiptur efnahagsreikningur	30

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2014. Ársreikningurinn er í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Aldursdeild. Hlutfallsdeildin hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar. Aldursdeildin hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 12. mars 2015

**Deloitte ehf.**

Knútur Þórhallsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð í lok ársins 2014: Friðbert Traustason, Sigurjón Gunnarsson og Póra Valný Yngvadóttir kjörin á ársfundi sem fulltrúar sjóðfélaga, Bergþóra Sigurðardóttir tilnefnd af bankaráði Landsbankans h.f., Ásta H. Bragadóttir tilnefnd af bankaráði Seðlabanka Íslands og Helgi H. Steingrímsson tilnefndur af aðildarfyrirkjemum sameiginlega. Á fundi 28. mars 2014 skipti stjórnin með sér verkum með þeim hætti að Friðbert var kjörinn formaður og Bergþóra varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru Ólafur Kr. Valdimarsson framkvæmdastjóri, Halldór Emil Sigtryggsson sérfræðingur, Hulda Björk Guðmundsdóttir ritari og Margrét Björk Jóhannsdóttir fulltrúi.

Árið 2014 greiddu 2.168 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 241 í Hlutfallsdeild og 1.927 í Aldursdeild. Árið 2013 greiddu 288 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild og 1.950 í Aldursdeild eða alls 2.238. Í lok ársins 2014 áttu 6.281 sjóðfélagar geymd réttindi til lífeyris og 2.273 áttu rétt til endurgreiðslu iðgjalda.

Árið 2014 greiddi sjóðurinn 1.128 aðilum lífeyri, þar af 915 úr Hlutfallsdeild en 213 úr Aldursdeild. Voru lífeyrisgreiðslur ársins kr. 2.295,7 milljónir úr Hlutfallsdeild en kr. 217,7 milljónir úr Aldursdeild. Árið 2013 voru lífeyrisgreiðslur alls kr. 2.313,0 milljónir. Er aukningin því 8,66%.

## Lán til sjóðfélaga á árinu.

Á árinu voru samþykktar alls 10 lánveitingar til sjóðfélaga, alls að fjárhæð kr. 118,3 milljónir. Meðalfjárhæð var því kr. 11,8 milljónir en var á árinu áður kr. 7,8 milljónir. Hámarksþálfjárhæð er nú kr. 25 milljónir eftir sex mánaða starf. Verðtryggðir vextir eru nú 3,5%, breytilegir skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

## Fjárfestingarstefna og eignastýringarsamningar.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin og miðar að því að ná sem bestri ávöxtun innan þeirra marka um áhættu sem hvor deild setur sér. Í Hlutfallsdeild er fjöldi aðila á lífeyri mun hærra en þeirra sem greiða iðgjöld til deildarinnar og krefst það íhaldssamari stefnu. Núgildandi fjárfestingarstefna stefnir að eignasafni sem er 97% innlend skuldabréf og 3% önnur innlend fjárfesting. Í Aldursdeild er fjöldi aðila sem greiða iðgjöld til deildarinnar mun hærra en fjöldi aðila á lífeyri og tekur fjárfestingarstefnan mið af því, en er engu að síður hófsöm. Fjárfestingarstefna Aldursdeilda stefnir að eignasafni sem er 72% í innlendum skuldabréfum, 18% í innlendum hlutabréfum, 1% í erlendum skuldabréfum, 4% í erlendum hlutabréfum og 5% í óhefðbundnum fjárfestingum, þ.a.m. erlendum framtakssjóðum.

Fjárfestingarstefna er birt á heimasíðu sjóðsins. Helsta breyting síðustu ár hefur falist í nokkurri aukningu á heimild til fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hjá Aldursdeild í takt við aukinn fjölda skráðra hlutafélaga á skipulögðum verðbréfamarkaði á undanförnum árum. Fjárfestingarstefna beggja deilda er endurskoðuð reglulega.

Á árinu 2010 voru gerðir eignastýringarsamningar við Íslensk verðbréf og eru þeir enn í gildi. Í september 2013 var gerður samningur um skuldabréfastýringu við ALM Fjármálaráðgjöf hf. Vægi útvistaðrar eignastýringar í heildareignum sjóðsins er nú 3% hjá Hlutfallsdeild og 11% hjá Aldursdeild.

## Staða sjóðsins og ávöxtun.

Hrein raunávöxtun á árinu 2014 var 4,4% í Hlutfallsdeild en 5,1% í Aldursdeild. Í lok árs 2014 voru hreinar eignir Lífeyrissjóðs bankamanna til greiðslu lífeyris kr. 62.950,9 milljónir sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru hreinar eignir til greiðslu lífeyris kr. 36.652,6 milljónir, eða 58,2% og í Aldursdeild kr. 26.298,3 milljónir eða 41,8%. Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðað við 31. desember 2014. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru áfallnar skuldbindingar í Hlutfallsdeild kr. 38.205,9 milljónir en í Aldursdeild kr. 27.852,9 milljónir. Alls er því um að ræða kr. 66.058,8 milljónir. Sé hins vegar litið til framtíðarréttar eru heildarskuldbindingar Hlutfallsdeilda kr. 40.126,9 milljónir eða kr. 304,0 milljónir umfram eignir sem samsvarar 0,8% af skuldbindingum og heildarskuldbindingar Aldursdeilda kr. 53.263,9 milljónir eða kr. 1.385,4 milljónir umfram eignir sem samsvarar 2,6% af skuldbindingum.

# Skýrsla stjórnar

---

## Önnur mál.

Ýmis mál voru til umfjöllunar hjá stjórninni en hún hélt tú bókaða fundi á árinu. Talsverðar breytingar voru á starfsmannaháldi á árinu. Ólafur Kr. Valdimarsson hóf störf sem framkvæmdastjóri í upphafi árs þegar Sigtryggur Jónsson létt af störfum eftir 29 ára starf hjá sjóðnum. Ólafur starfaði áður sem sérfræðingur hjá sjóðnum frá 2011. Ólafur er með meistaragráðu í fjárfestingarstjórnun og hefur staðist hæfispróf fjármálaeftirlitsins fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs. Nýr fulltrúi, Margrét Björk Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur, hóf störf í febrúar og nýr sérfræðingur Halldór Emil Sigtryggsson í mars. Hefur hann einnig lokið meistaraprófi í fjárfestingarstjórnun. Anna Karlsdóttir, fulltrúi létt af störfum í lok árs eftir 13 ára starf fyrir sjóðnum. Eru bæði Sigtryggi og Önnu færðar þakkir fyrir störf sín í þágu sjóðsins síðustu áratugi.

Á ársfundi sjóðsins í mars 2014 var samþykkt að leiðréttu réttindi Hlutfallsdeildar. Nýjar samþykktir sjóðsins hlutu staðfestingu Fjármálaráðuneytis 28. nóvember 2014 og kom breyting réttinda til framkvæmda frá og með janúar 2015. Fól hún i sér lækkun réttinda um 9,65% með það að markmiði að koma tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi. Bréf var sent til sjóðfélaga Hlutfallsdeilda í desember þar sem farið var yfir forsendur og framkvæmd leiðrétttingarinnar. Helsta breytingin felur í sér að árlega ávinnsla réttinda í Hlutfallsdeild fyrir fullt starf er nú 1,92%, en var áður 2,125%.

Á öðrum ársfjórðungi 2014 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun á lánveitingum Lífeyrissjóðs bankamanna til einstaklinga. Athugunin byggði á gögnum vegna 23 lánveitinga til 13 einstaklinga og fyrirspurna í tengslum við þau gögn. Niðurstaða athugunarinnar var að lánveitingar Lífeyrissjóðs bankamanna væru í samræmi við gildandi lög, fjárfestingarheimildir og lánareglur sjóðsins. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugun á virkni áhættustýringar hjá Lífeyrissjóði bankamanna. Niðurstaða þeirrar athugunar er að sjóðurinn sé meðvitaður um mikilvægi áhættustýringar og að vinnulag sé með þeim hætti að stjórnendur leggi sig fram um að gera vel í þeim efnum. Þá beinir eftirlitið því til sjóðsins að ganga lengra og m.a. skilgreina betur mælikvarða á einstökum áhættuþáttum hvað varðar markmið og vikmörk/polmörk sjóðsins.

Skoðunarmenn sjóðsins og innri endurskoðendur hafa skilað af sér skýrslum vegna ársins 2014. Er það mat skoðunarmanna að fagleg vinnubrögð hjá sjóðnum séu í góðu lagi og kappkostað er að fylgja lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, en álit innri endurskoðenda gefur til kynna að innra eftirlit sjóðsins sé með ágætum. Lögðu innri endurskoðendur aukna áherslu á árinu á að skoða áhættustýringu sjóðsins og komu þeir með ábendingar á sömu nótum og fjármálaeftirlit um að unnt væri að skerpa á áhættustefnu og verklagi áhættustýringar. Ný áhættustefna var gerð á árinu 2014 ásamt fjárfestingarstefnum fyrir báðar deildir og ákveðið hefur verið að útfæra áhættustefnu ársins 2015 með ýtarlegri hætti í takt við óskir eftirlitsaðila.

Sjóðurinn hefur aðsetur að Skipholti 50b Reykjavík, sími 569 0900, símbréf 569 0909, tölvupóstfang lifbank@lifbank.is, veffang er www.lifbank.is. Skuldabréf sjóðsins eru til afgreiðslu í útibúi Landsbankans h.f. við Austurstræti.

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdarstjóra á árinu 2014 námu 19,4 milljónum króna og skiptast þannig

Friðbert Traustason, formaður .....	1.793.100
Landsbankinn hf v/Bergþóru Sigurðardóttir, varaformanns .....	1.260.000
Helgi H. Steingrímsson .....	953.100
Sigurjón Gunnarsson .....	953.100
Póra Valný Yngvadóttir .....	953.100
Seðlabanki Íslands v/Ásta H. Bragadóttir .....	953.100
Ólafur Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri .....	12.511.259

Samtals	19.376.759
---------	------------

# Áritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2015

## Stjórn



Friðbert Traustason



Bergþóra Sigurðardóttir



Ásta H. Bragadóttir



Helgi H. Steingrímsson




Sigurjón Gunnarsson



Þóra Valný Yngvadóttir

## Framkvæmdastjóri



Ólafur Kr. Valdimarsson

# **Hlutfallsdeild**

---

**Ársreikningur**

---

**2014**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		49.756.841	54.603.717
Iðgjöld launagreiðenda .....		184.388.880	207.821.915
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(3.548.113)	(4.866.799)
		<u>230.597.608</u>	<u>257.558.833</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	2.295.723.310	2.148.529.340
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		2.422.636	2.997.310
		<u>2.298.145.946</u>	<u>2.151.526.650</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		7.206.988	0
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5	1.926.475.142	2.900.027.672
Breytingar á niðurfærslu .....	9	25.081.602	0
		<u>1.958.763.732</u>	<u>2.900.027.672</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		<u>14.355.133</u>	<u>13.374.085</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		69.566.131	64.811.896
Hlutdeild aðildarfyrirtækja í rekstrarkostnaði .....	19	(41.854.158)	(40.377.663)
		<u>27.711.973</u>	<u>24.434.233</u>
Aðrar tekjur .....	15	<u>19.376.712</u>	<u>17.539.037</u>
(Lækkun)/hækkun á hreinni eign fyrir óreglulega liði .....		(131.474.999)	985.790.573
<b>Óreglulegar tekjur og gjöld</b>			
Óreglulegar tekjur .....	16	<u>27.815.733</u>	<u>0</u>
(Lækkun)/hækkun á hreinni eign á árinu .....		(103.659.266)	985.790.573
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>36.756.266.438</u>	<u>35.770.475.865</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>36.652.607.172</u>	<u>36.756.266.438</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

---

	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfesting</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6	955.512.511	323.180.532
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	26.347.858.607	26.812.554.211
Veðlán .....	8	838.426.174	936.202.423
Bankainnistiæður .....	18	7.922.421.065	8.201.777.591
		<hr/> <u>36.064.218.357</u>	<hr/> <u>36.273.714.757</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		13.902.856	14.372.183
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir .....	4	1.405.050	1.321.546
Sjóður og veltiinnlán .....		<hr/> 576.024.867	<hr/> 514.194.574
		<hr/> <u>577.429.917</u>	<hr/> <u>515.516.120</u>
<b>Eignir</b>		<hr/> <u>36.655.551.130</u>	<hr/> <u>36.803.603.060</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	17	<hr/> 2.943.958	<hr/> 47.336.622
<b>Skuldir</b>		<hr/> <u>2.943.958</u>	<hr/> <u>47.336.622</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<hr/> <u>36.652.607.172</u>	<hr/> <u>36.756.266.438</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	2014	2013
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	231.066.935	243.296.647
Fjárfestingartekjur .....	1.173.935.969	1.430.460.866
Afborganir verðbréfa .....	1.039.723.221	1.306.545.502
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	235.716.082	122.126.032
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	2.141.566.681	1.652.865.618
Lækkun á bankainnstæðum .....	653.074.755	300.000.000
Aðrar inngreiðslur .....	89.046.603	57.916.700
	<u>5.564.130.246</u>	<u>5.113.211.365</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Líseyrir .....	2.338.607.266	2.149.685.149
Fjárfestingargjöld .....	14.355.133	13.374.085
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	73.231.156	60.128.555
	<u>2.426.193.555</u>	<u>2.223.187.789</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu</b>	<u>3.137.936.691</u>	<u>2.890.023.576</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	857.043.119	134.112.572
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	2.206.267.370	2.308.560.889
Ný veðlán og útlán .....	12.446.086	37.220.808
Hækkun á bankainnstæðum .....	0	400.000.000
Aðrar fjárfestingar .....	349.823	573.579
	<u>3.076.106.398</u>	<u>2.880.467.848</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum .....	61.830.293	9.555.728
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....	<u>514.194.574</u>	<u>504.638.846</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok .....	<u>576.024.867</u>	<u>514.194.574</u>

# Skyringar

---

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Aldursdeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Greiddur er ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

### Lífeyrirréttindi

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Æð öðru leyti eru réttindi óháð aldri sjóðfélaga. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda.

Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrirréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrirréttindi sjóðfélaga fari munur milli cigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna ellí til æviloða, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum SSF og viðsemjanda þess. Launamönnum SSF sem greiða til þessarar deildar sjóðsins ber að greiða 4% af grunnlaunum sínum á móti 14,4% framlagi atvinnurekenda eða samtals 18,4% sem kallast lágmarksíðgjald.

### Fjárvarsla

Einn fjárvörluaðili sá um vörslu og ávoxtun á hluta af verðbréfasafni sjóðsins samkvæmt sérstökum samningum. Í árslok 2014 voru 1.179,6 milljónir króna í fjárvörlu hjá ALM fjármálaráðgjöf hf. Í efnahagsreikningi eru söfnin greind niður á viðcigandi eignir og skuldir. (2013: 1.173 m.kr.)

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Eignir hafa verið metnar og farðar niður með hliðsjón af tapshættu. Niðurfærslan nemur um 1,2% af eignasafninu. Nánari sundurliðun á niðurfærslu er að finna í skýringu 9.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar sjóðfélagi hefur áunnið sér réttindi hjá sjóðnum. Óinnheimt iðgjöld í árslok eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður í yfirliti um breytingu á hréinni eign þegar hann fellur til.

### Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtateckjur og gengismun falla vaxtateckjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

# Skyringar

## 2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### Verðbréf

Verðbréfacign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfarð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði ef það liggur fyrir með áreiðanlegum hætti.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfavísítölur eru hins vegar færð við markaðsvirði.

### Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

## 3. Lifeyrir

Lifeyrir greinist þannig:

	2014	2013
Ellilífeyrir .....	1.875.264.511	1.759.101.458
Órorkulífeyrir .....	173.514.064	156.505.274
Makalífeyrir .....	238.695.548	226.368.392
Barnalífeyrir .....	649.680	768.788
Dánarbætur.....	7.599.507	5.785.428
	<u>2.295.723.310</u>	<u>2.148.529.340</u>

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttningar, áhöld og tæki
Stofnverð í ársbyrjun.....	6.900.532
Afskrifað áður .....	(5.578.986)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	1.321.546
Viðbót á árinu.....	349.823
Afskrifað á árinu .....	(266.319)
Bókfært verð í árslok.....	<u>1.405.050</u>
Afskriftarhlutföll .....	20%

# Skyringar

## 5. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur greinast þannig:

	2014	2013
Af verðbréfum með breytilegum tekjum .....	14.813.537	57.641.752
Af verðbréfum með föstum tekjum .....	1.477.578.812	2.166.230.881
Af veðlánum .....	41.935.983	70.784.763
Af innlánssamningum .....	387.693.355	593.220.730
Af bankainnstæðum .....	4.453.455	12.149.546
	<u>1.926.475.142</u>	<u>2.900.027.672</u>

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2014	2013
Eignarhlutar í innlendum hlutaflögum .....	245.530.085	163.231.258
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum .....	709.982.426	159.949.274
	<u>955.512.511</u>	<u>323.180.532</u>

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

Óskráð félög:	Hlutdeild	2014	2013
Edda slhf.....	2,00%	22.900.000	1.600.000
Hvatning slhf.....	1,17%	84.996.255	12.625.331
Skipti hf.....	óveruleg	120.820.868	120.820.868
Önnur hlutabréf.....		16.812.962	51.741.812
Niðurfærsla hlutabréfa.....		0	(23.556.753)
		<u>245.530.085</u>	<u>163.231.258</u>
Hlutabréfacign alls .....		<u>245.530.085</u>	<u>163.231.258</u>

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:	2014	2013
Landsbankinn - Fyrirtækjabréf.....	4.789.127	22.278.041
Íslensk verðbréf - Veðskuldabréfasjóður.....	30.000.000	0
Hlutdeildarskírteini í innlendum skuldabréfasjóðum alls .....	<u>34.789.127</u>	<u>22.278.041</u>

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

Landsbankinn - Úrvalsbréf.....	147.328.767	137.671.233
Landsbankinn - Öndvegisbréf.....	150.266.035	0
Júpiter - Innlend hlutabréf.....	112.544.910	0
Kaupping - ÍS-15.....	114.831.321	0
Hlutdeildarskírteini í innlendum hlutabréfasjóðum alls .....	<u>524.971.033</u>	<u>137.671.233</u>

Önnur hlutdeildarskírteini:

Landsbankinn - Veltubréf.....	<u>150.222.266</u>	<u>0</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum alls.....	<u>709.982.426</u>	<u>159.949.274</u>

Hlutdeildarskírteini alls .....	<u>709.982.426</u>	<u>159.949.274</u>
---------------------------------	--------------------	--------------------

Verðbréf með breytilegum tekjum alls.....	<u>955.512.511</u>	<u>323.180.532</u>
---	--------------------	--------------------

# Skýringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

	2014	2013
Íbúðabréf.....	21.587.435.000	22.723.812.129
Húsbréf.....	120.688.490	138.274.147
Ríkisbréf.....	642.375.844	191.551.391
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	1.675.620.316	1.865.819.244
	<u>24.026.119.650</u>	<u>24.919.456.911</u>
Skuldabréf sveitarfélaga .....	182.518.872	36.443.022
Skuldabréf lánastofnana .....	804.768.453	802.030.900
Skuldabréf fyrirtækja .....	1.825.349.837	1.542.809.882
Niðurfærsla skuldabréfa.....	(490.898.205)	(488.186.503)
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	<u>26.347.858.607</u>	<u>26.812.554.211</u>

## 8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	2014	2013
Skuldabréf sjóðfélaga .....	846.894.718	945.497.126
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	(8.468.544)	(9.294.703)
	<u>838.426.174</u>	<u>936.202.423</u>

## 9. Niðurfærslur verðbréfa

Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:

	2014	2013
Niðurfærsla í ársþyrjun .....	521.736.649	521.736.649
Afskrifað tapað á árinu .....	(77.659.030)	0
Lækkun niðurfærslu á árinu.....	(25.081.602)	0
	<u>418.996.017</u>	<u>521.736.649</u>

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að raða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Bókfærð niðurfærsla skiptist þannig að 8,5 m.kr. eru vegna veðskuldabréfa og 410,5 m.kr. vegna skuldabréfa lánastofnana.

## 10. Skipting fjárfestingar eftir gjaldmiðlum

Fjárfesting er eingöngu í íslenskum krónum.

## 11. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi. Væru þessi verðbréf færð til eignar á markaðsverði væri mat þeirra 2.240 millj. kr. herra en bókfært virði og hrein eign til greiðslu lífeyris hærri sem því nemur. Í lok árs 2013 var markaðsverð 2.916 millj. kr. herra en bókfært virði.

## 12. Ábyrgðir og skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið Hlutfallsdeild til að leggja í sjóðina Eddu slhf., Hvattningu slhf. og Veðskuldabréfsjóð ÍV. Samanlagðar skuldbindingar hljóða upp á 500 m.kr. Innkallaðar hafa verið 23 m.kr. af 100 m.kr. skuldbindingingu í Eddu, 79 m.kr. af 100 m.kr. skuldbindingu í Hvattningu og 104 m.kr. af 300 m.kr. skuldbindingu í Veðskuldabréfasjóð ÍV. Óinnkallaðar skuldbindingar næstu 2-3 ára eru því áætlaðar um 294 m.kr.

# Skyringar

---

## 13. Lifeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lifeyrisskuldbindingum Hlutfallsdeildar:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu Hlutfallsdeilda í árslok 2014 miðað við 3,5% árvexti er hrein eign kr. 13,4 milljónir umfram áfallnar skuldbindingum sem jafngildir 0% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru kr. 304 milljónir eða -0,8% af skuldbindingum.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lifeyris.....	36.652,6		36.652,6
Núvirði verðbréfa, hækjun.....	1.718,0		1.718,0
Lækjun vegna fjárfestingargjalda.....	(151,3)		(151,3)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		1.603,6	1.603,6
	38.219,3	1.603,6	39.822,9
Skuldbindingar			
Ellilfeyrir .....	30.806,4	1.509,9	32.316,3
Örorkulifeyrir.....	1.225,0	77,2	1.302,2
Makalifeyrir.....	4.598,2	164,4	4.762,6
Barnalifeyrir.....	5,5	1,8	7,3
95 ára regla.....	633,1	142,7	775,8
Endurgreiðsla iðgjalda.....	664,2	0,0	664,2
Rekstrarkostnaður .....	273,5	25,0	298,5
	38.205,9	1.921,0	40.126,9
Eignir umfram skuldbindingar .....	13,4	(317,4)	(304,0)
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	0,04%	-16,52%	-0,76%

## 14. Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2014	2013
Laun starfsfólks.....	28.458.533	26.163.006
Stjórnarlaun.....	4.096.175	4.123.705
Launatengd gjöld .....	8.756.706	6.682.733
	41.311.414	36.969.444

Stöðugildi að meðaltali..... 5 4

Þóknanir til Deloitte ehf., ytri endurskoðenda sjóðsins, á árinu 2014 námu 4.033 þús. kr. að meðtöldum vsk. og greinast þannig:

	2014	2013
Endurskoðun.....	2.896.758	3.040.558
Önnur þjónusta.....	1.136.338	563.875
	4.033.096	3.604.433

Aðrar þóknanir til endurskoðenda nema kr. 2.397.365 að meðtöldum vsk. og eru vegna vinnu KPMG við innri endurskoðun. (2013: kr. 2.578.170)

# Skýringar

## 15. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2014	2013
Móttekið framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.....	19.316.147	17.484.295
Þóknun vegna innheimtu Starfsendurhæfingarsjóðs.....	60.565	54.742
	<u>19.376.712</u>	<u>17.539.037</u>

## 16. Óreglulegar tekjur

Óreglulegar tekjur eru greiðsla til Hlutfallsdeildar samkvæmt samkomulagi aðildarfyrirtækja sjóðsins frá desember 2006.

## 17. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:

	2014	2013
Ógreitt iðgjald Starfsendurhæfingarsjóðs.....	364.694	374.681
Ógreidd staðgreiðsla.....	0	40.451.333
Viðskiptaskuldir.....	<u>2.579.264</u>	<u>6.510.608</u>
	<u>2.943.958</u>	<u>47.336.622</u>

## 18. Bankainnistæður

Frá árinu 2007 hefur sjóðurinn gert samninga við Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. um verðtryggð innlán að fjárhæð samtals 6.550 m.kr. til nokkurra ára. Samtals er um að raða 5 samninga. Höfuðstóll innlánanna er laus til útborgunar að samningstíma liðnum. Vextir eru greiddir út til sjóðsins við lok hvers vaxtatímabils sem er 1 ár eða lagðir við höfuðstól sé þess óskað. Bókærð staða þessara samninga var 7.922,4 m.kr. í árslok. (2013: 8.201,8 m.kr.)

## 19. Önnur mál

Í desember 2006 var gengið frá samkomulagi við aðildarfyrirtæki sjóðsins um þátttöku í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar. Skv. samkomulaginu taka aðildarfyrirtækin þátt í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar á hverju ári sem er umfram 10 m.kr. en þó að hámarki 25 m.kr. verðtryggt frá janúar 2006. Aðildarfyrirtækin munu greiða þessa fjárhæð í beinu hlutfalli við heildarskuldbindingar sjóðsfélaga þess í Hlutfallsdeild og voru greiddar kr. 41.854.158 á árinu 2014. (2013: 40.377.663)

Sjóðfélagi hefur stefnt lífeyrissjóðnum vegna ágreinings um rétt til töku lífeyris vegna iðgjaldagreiðslna á árunum 1973 til 1987. Sjóðurinn telur kröfu sjóðsfélags ekki réttmæta og hefur tekið til varna í málinu. Niðurstaða í málinu sjóðnum í óhag gæti haft veruleg áhrif á fjárhag hans.

# Skyringar

---

## 20. Kennitölur

Yfirlit um kennitölur sjóðsins:

	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun.....	4,42%	4,45%	5,06%	4,78%	4,70%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár .....	4,68%	4,41%	3,18%	2,51%	2,78%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár .....	3,74%	4,09%	4,57%	3,98%	3,46%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá upptöku deildaskiptingar 1998.....	3,77%	3,73%	3,68%	3,58%	3,49%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar:					
Skráð verðbr. með breytil. tekjum .....	1,89%	0,45%	0,01%	0,00%	0,00%
Skráð verðbr. með föst. tekjum .....	68,17%	66,58%	69,13%	63,48%	64,19%
Óskráð verðbr. m/breytil. tekj. ....	0,76%	0,44%	0,49%	0,60%	0,88%
Óskráð verðbr. m/föst. tekjum .....	4,89%	7,33%	5,82%	6,42%	7,02%
Bankainnistæður .....	21,97%	22,61%	21,71%	26,25%	24,33%
Vedlán .....	2,32%	2,58%	2,84%	3,25%	3,58%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	99,92%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,08%
Fjöldi virkra sjóðfélaga:					
Hlutfallsdeild.....	241	288	336	367	403
Fjöldi lifeyrisþega:					
Hlutfallsdeild.....	915	887	820	800	758
Hlutfallsleg skipting lifeyris:					
Ellilifeyrir .....	82,0%	82,1%	81,6%	81,9%	81,9%
Örorkulifeyrir .....	7,6%	7,3%	7,2%	7,6%	7,6%
Makalifeyrir .....	10,4%	10,6%	11,2%	10,4%	10,4%
Barnalifeyrir .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hlutfallsdeild:					
Hrein eign umfram					
heildarskuldbindingar .....	-0,76%	-9,72%	-7,94%	-5,70%	-6,05%
Hrein eign umfram					
áfallnar skuldbindingar .....	0,04%	-8,10%	-6,90%	-4,05%	-4,34%

**Aldursdeild**

---

**Ársreikningur**

---

**2014**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		682.103.667	671.934.559
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.046.442.828	1.024.665.651
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(574.472)	(33.601)
		<u>1.727.972.023</u>	<u>1.696.566.609</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	217.675.570	164.489.821
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		23.994.861	24.036.225
